

Verklagsreglur um viðbrögð við tilkynningu og kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni og annað ofbeldi.

Starfsfólk, nemendur og aðrir sem sem með einhverjum hætti taka þátt í starfsemi Retor skulu koma fram við hvort annan af tilitssemi og virðingu. Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi er ekki liðin af Retor.

Markmið þessara verklagsreglna er að koma upp formlegu ferli varðandi ágreiningsmál og þær leiðir sem nemendur og starfsmenn hafa til þess að leita réttar sins telji þeir á sér brotið.

Retor styðst við skilgreiningu reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Aðili sem telur sig hafa orðið fyrir einhverri af þeirri ósæmilegu hegðun sem lýst er hér að ofan af hálfu samnemanda, starfsmanns eða öðrum sem tekur þátt í starfsemi Retor er eindregið hvattur til þess að tilkynna slíka hegðun. Einnig eru þeir sem hafa orðið vitni að slíkri hegðun hvattir til að tilkynna um það. Tilkynna skal slíka hegðun til framkvæmdastjóra, skólastjóra eða skrifstofustjóra.

Retor tekur allar slíkar tilkynningar alvarlega og verða þær settar í formlegt ferli. Ef þörf er á leitar Retor til viðeigandi sérfræðinga til að taka á málinu. Ef tilkynningin um hegðunina er á rökum reist og staðfest í þessu formlega ferli þá getur það varðað áminningu eða brottrekstri úr starfi eða námi. Ef hegðunin kemur frá öðrum en starfsmanni eða nemanda verður þeim aðila meinaður aðgangur að húsnæði skólans.

5. september 2021